

# Fundargerð 345. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands 23. apríl 2012

Árið 2012, mánudaginn 23. apríl kl. 10:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson í forföllum Más Sveinbjörnssonar og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir var í símasambandi frá Tálknafirði.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri sem ritaðir fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerðir til staðfestingar - 1202002HA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 343. fundar frá 17. febrúar og 344. fundar frá 16. mars 2012.

*Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar af stjórnarmönnum.*

### 2. Ársreikningar hafnasambandsins - 0603008HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2011 áritaður af gjaldkera og reikningshaldara og skoðunarmönnum hafnasambandsins, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

*Ársreikningurinn var samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.*

### 3. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Fulltrúar hafnasambandsins í nefnd um endurskoðun hafnalaga gerðu grein fyrir stöðu málsins og lögðu fram sem trúnaðarskjal drög að frumvarpi um breytingar á hafnalögum.

*Stjórn Hafnasambands Íslands felur fulltrúum sínum í nefnd um endurskoðun hafnalaga að koma á framfæri við nefndina með skýrum hætti þeim sjónarmiðum um hagsmuni hafnanna í landinu, sem stjórnin og fulltrúar hennar hafa haldið á lofti frá því að endurskoðun hafnalaganna hófst á síðastliðnu ári.*

### 4. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Lögð fram drög að dagskrá og þau rædd.

*Gísli Gíslasyni og Steinþóri Péturssyni falið að fullgera dagskrána og leggja fyrir stjórnina við fyrsta tækifæri.*

### 5. Stjórn fiskveiða - 1204019HA

Lagt fram til umræðu frumvarp um stjórn fiskveiða, þskj. 1052 - 657. mál. Í 45. gr. frv. eru ákvæði sem snerta hafnirnar sem gætu reynst íþyngjandi fyrir hafnarsjóðina, einkum í d-, j-, l- og m-liðum 45. gr. frumvarpsins. Samþykkt að

senda sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Alþingi eftirfarandi bókun:

*Stjórn Hafnasambands Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við þau áform, að auka útgjöld hafnanna í landinu og auka skyldur starfsmanna hafanna við vigtun sjávarafla, sem gert er ráð fyrir í 45. gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða, þskj. 1052 - 657. mál, án þess að kveðið sé á um hvernig því verður mætt tekjulega séð. Stjórnin telur það algjörlega ástæðulaust og óásættanlegt að auka þær kröfur sem nú þegar eru gerðar og að gera starfsmenn hafnanna í raun að eftirlitsmönnum ríkisstofnunarinnar Fiskistofu, eins og frumvarpið felur í sér.*

*Stjórn HÍ ítrekar jafnframt fyrri ályktanir hafnasambandsins um gerð þjónustusamnings milli ríkisins og hafnanna þar sem gert verði ráð fyrir endurgjaldi af búnaði í eigu hafnanna og fyrir þá þjónustu sem starfsmenn hafnanna veita við vigtun sjávarafla.*

#### **6. Frumvarp til laga um greiðsluþátttöku ríkissjóðs vegna uppbyggingar Helguvíkurhafnar - 1203020HA**

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um greiðsluþátttöku ríkissjóðs vegna uppbyggingar Helguvíkurhafnar.

*Umsögnin staðfest.*

#### **7. Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum - 1203028HA**

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um breytingar á lögum um umhverfismat.

*Umsögnin staðfest.*

Næsti fundur er ráðgerður á Ísafirði 15. og 16. maí nk.

Fundi var slitið kl. 12:35.

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

Björn Arnaldsson

---

ritari